



Rekstrar skoðun á leiksvæðum barna

Efnisyfirlit

Inngangur	4
Slys á börnum	4
Leiðbeiningar við skoðun	5
Gátlistar	9
Aðkoma að leiksvæði	10
Leikvöllurinn	10
Annar búnaður og umhverfi	11
Rólur	13
Rennibrautir	14
Hringekjur	15
Gormatæki	16
Hlaupaköttur	17
Klifurgrindur	18
Kastalar	20
Ævintýrabrautir	21
Jafnvægisslár, stiklur og kofar	22
Brýr	23
Sand og vatnsleiksvæði	24
Leiksvæði fyrir ýmsa leiki	25
Hjólabrettasvæði	26
BMX braut (torfæruhjólabraut)	27

Inngangur

Þessi handbók er ætluð fyrir rekstrarskoðun leiksvæða, skemmtigarða og hjólabrettavelli. Hún er gefin út af RoSPA (Royal Society of Prevention of Accidents, www.rospace.com) í Bretlandi, en er þýdd og staðfærð á vegum Umhverfisstofnunar.

Börn og slys

Leikur er nauðsynlegur fyrir líkamlegan og andlegan þroska barna. Með leik læra þau og þroska með sér færni til að takast á við lífið. Leikur snýst um það að taka áhættu í vernduðu umhverfi. Þannig lærir barnið að bregðast rétt við hættu. Þegar börnin eru að leik reynir á líkamlega og andlega getu þeirra og hæfileika til að meta hættu, , sem er þeim nauðsynlegur síðar í lífinu. Auðvitað er mat sumra barna á getu sinni óraunhæft og stundum ofmeta þau getu sína og slasa sig. Ef við sköpum þeim ekki aðstæður fyrir leik í umhverfi þar sem gerðar hafa verið ráðstafanir til að draga úr hættu á alvarlegum slysum læra þau ekki að meta hættu og það verða meiri líkur á að þau verði fyrir alvarlegum slysum í daglegu lífi. En það er sama hvað við gerum - við komum aldrei alveg í veg fyrir óhöpp.

Það er álit RoSPA að leiksvæði barna eigi að vera eins örugg og nauðsyn krefur – en ekki eins örugg og hægt er. Ef það er ekkert í umhverfinu sem ögrar börnunum þá munu þau annað hvort leika sér í leiktækjum á annan hátt en tækin eru hönnuð fyrir eða þau fara að leika sér á öðrum og hættulegri stöðum (á götunni, í fjörunni, byggingarlóðinni t.d).

Svæði sem hönnuð eru fyrir leik barna og er vel viðhaldið og gott eftirlit er á eru öruggustu svæði fyrir börn og unglínga. En þetta er aðeins raunin ef rekstraraðili heldur svæðinu við með réttu eftirliti og lagar það sem þarf innan ásættanlegs tíma.

Með eftirliti og viðhaldi leiksvæða þar sem börn og unglíngar leika sér hjálpum við þeim að skilja hvernig á að takast á við hættur og leiðum þau til heilsusamlegs og hamingjuríks líferniss.

Þannig veitum við þeim einnig tækifæri til að bæta líkamlegt ástand sitt og drögum úr hættu á offitu.

Leiðbeiningar við skoðun

Reglulega skoðun leiksvæða er best að gera á kerfisbundinn hátt. Skiptir þá engu hvaða venjubundið ferli er notað. Hinsvegar er mikilvægt að nota alltaf sömu aðferðina til að forðast að missa af einhverju. Gátlisti hjálpar við slíkt.

Það er þess virði að láta einhvern annan skoða leikvöllinn öðru hvoru. Betur sjá augu en auga. Vert er að hafa í huga að um 60% slysa á leikvöllum (á við um Bretland) eiga sér ekki stað í leiktækjum heldur á stuðningshlutum s.s bekkjum, borðum, skúrum og gróðri eða við fall um óvænta hluti á yfirborði leiksvæðisins.

Það er mikilvægt að skoðun eigi sér stað “með snertingu”.

Þessi handbók er ætluð fyrir skoðun leiksvæða og einnig er bent á flýtleiðir fyrir skoðun algengustu leikvallatækja.

Notaðu öll skilningarvitin. Horfðu, hlustaðu, snertu og notaðu/ prófaðu. Einkennilegt hljóð í tæki við notkun getur bent til að eitthvað sé að sem sést ekki í fljótu bragði..

Byrjaðu að skoða um leið og þú nálgast leiksvæðið. Það er til lítils að hafa öruggt svæði ef hættur leynast í næsta nágrenni leiksvæðisins.

Sérstaklega skal skoða:

- eru stígar í góðu ástandi og ekkert á þeim sem börnin geta hrasað um?
- Er eitthvað sem hangir niður yfir eða skagar út í gangveginn, sem börnin geta rekist á?
- eru lok á dreni/niðurföllum í plani við stétt eða annað yfirborð og fest þannig að ekki sé hægt að taka þau af?
- eru tré nálægt leikvöllum í góðu ástandi ?
- Er ástands vatns gott og holræsi örugglega lokuð?

- Eru ljós og ljósastaurar í góðu ásigkomulagi?
- Eru hlið og girðingar (ef slíkt er til staðar) í góðu ástandi? Hlið ættu að vera sjálflokandi og ekki að lokast hraðar en á 3-5 sek. Það á að vera 12mm bil sitt hvoru megin svo ekki sé hættá á að fingur klemmist, það á líka við meðan hliðið er opnað/lokað. Prófaðu öll hlið og hristu girðingar, o.s.frv. til að athuga hvort þau séu örugg og í lagi?
- Skaga boltar, rær, naglar eða annað út frá girðingunni? Börn hlaupa oft nærri girðingum og renna fingrum eftir þeim og geta slasað sig alvarlega á augum og andliti ef rær, boltar og naglar skaga út.
- Eru ruslabíður vel festar og tæmdar reglulega? Að henda lausri ruslabíðu að öðru barni getur verið skemmtilegur leikur.
- Eru bekkir og borð föst og engir oddhvasir hlutir sem standa út sem hægt væri að meiða sig á, athugið líka undir þar sem lítil börn skríða oft undir bekki og borð .
- Eru skilti í góðu ástandi og ekkert oddhvasst sem skagar út?

Á svæðinu:

- Skoðið allt yfirborð leiksvæðisins með hindranir í huga, sem auðvelt er að hrasa um.
- Mikilvægt er að svæði með möl sé lægra en stéttar í kring svo mölin berist síður upp á þær. Möl á stéttum er slysagildra.
- Skoðið hvort öryggisundirlag sé í góðu ásigkomulagi og að allar öryggishellur séu á sínum stað. Athugið einnig hvort þær séu fastar, ef einhverjar eru lausar eða falla ekki rétt saman, festið þær.
- Skoðaðu yfirborð varðandi hálfu. Það getur myndast þörungalag á gúmmíhellum, sem gerir þær mjög hálar þegar þær blotna.
- Skoðið öll leiktæki með því að snerta þau. Notaðu öll skilningarvitin, þar með talið heyrnina.
- Mundu eftir öryggi allra barnanna þegar þú skoðar svæðið.

- Þrýstið gormatækjum vel niður til hliðanna og látið þau hristast vel. Með því að hlusta getið þið heyrt hvort eitthvað er laust. Gerið þetta við öll ruggandi tæki.
- Þegar hringekjur eru skoðaðar er gott að nota heyrnina. Þær ættu að snúast án mikils hávaða. Standið á brún hringekjunnar og hosið ykkur varlega um leið og þið athugið hvort það verði einhver óeðlileg hreyfing, sem gæti gefið til kynna að festingar séu farnar að slitna.
- Þegar rennibraut er skoðuð er gott að fara upp í hana og athugið um leið hvort tröppur séu í lagi og hvort yfirborð rennslisflatar og hliða á honum sé óskemmt og ekkert skagi út úr því, sem börnin gætu skorist á. Athugið með því að standa á neðsta hluta rennslisflatar hvort nokkur hreyfing sé, sem gefi til kynna að festingar séu farnar að gefa sig.
- Á rólum skal líta eftir skemmdum sætum. Ef kominn er >80 mm breiður skurður í gúmmíið þannig að málmramminn er óvarinn er rétt að skipta um sæti. Snúið sætinu við og athugið hvort skrúfur eða annað skagi út. Athugið að miðstíkan á sætinu í smábarnarólunum (riminn sem fer milli fóta barnsins) sé föst. Athugið hvort boltar og rær séu með hettur. Athugið slit í keðjum með því að skoða snertifleti milli hlekkja einkum næst festingum við sæti og uppi við burðarvirkið. Skiptið um ef slit er meira en 30-40%
- Hendið rólusætinu upp í loftið og skoðið vel hreyfingar pinnans sem keðjan hangir á. Ef pinninn hreyfist einungis til hliðanna er ólíklegt að um slit sé að ræða. Ef pinninn skröltir í getur það bent til slits í festingunni og þá þarf að taka hana í sundur til að skoða hana betur. Athugaðu í leiðinni hvort allir hlekkir og pinnar séu til staðar.
- Það getur verið gott að setjast í rólu og róla rólega. Lítið upp á toppslána. Hún ætti ekki að hreyfast. Ef hún hreyfist þá eru festingar lausar og þarfnast lagfæringar.
- Notið líkamspungann og hangið í tækjunum til að athuga festingar í leiktækjum svo sem eins og „slökkviliðsmannasúlu“, einnig stöðugleika t.d. rólugrinda.

- Athugið þar sem keðjur og reipi eru á leiktækjum hvort þau séu ekki örugg og í góðu ástandi einnig að ekki geti myndast lykkja á kaðla (svo þeir geti ekki farið utan um háls). Athugið ef reipi er fest í báða enda á rampi að það geti ekki farið út fyrir hliðar hans, of langt reipi þarna getur valdið hættu á hengingu.
- Athugið að öðruvísi litur blettur á fleti á leiktæki getur stafað af því hlutur af tækinu hefur dottið af eða verið fjarlægður.
- Ef járnör er hluti af tæki er gott ráð að slá í það með gúmmíhamri og hlusta. Ef alvarlegt ryð er komið í járnörið heyrir þegar ryðið fellur innan í járnörinu. Ef dæld er á járnörinu getur það leitt til frostskemda sem smám saman rjúfa gat á rörið.

Mundu: horfa, hlusta og nota

Gátlistar

Eftirfarandi almenna gátlista er hægt að nota sem grunn fyrir sértæka lista fyrir hvert leiksvæði. Veljið lista sem eiga við leikvallataekin á leiksvæðinu. Bætið síðan við hvern lista í samræmi við leiðbeiningar framleiðanda tækjanna.

Rekstrarskoðun er ekki ætlað að finna galla með tilliti til staðla. Það er gert í árlegri aðalskoðun.

Gert er ráð fyrir að merkt sé með **V** við hluti í lagi en með **X** ef aðgerða er þörf og skrifað í dálkinn “ Nauðsynlegar lagfæringar” það sem gera þarf. Dagsetning þegar lagfæringum er lokið er skráð í dálkinn “Lokið”.

Listana skal geyma í bókhaldi innra eftirlits.

Þar sem hægt er skal nota varahluti frá framleiðanda eða að sömu gæðum.

Rekstrarskoðun

NAFN SKOÐANDA:

Leiksvæði:

Skoðunardagur:

Undirskrift:

Tími skoðunar:

Aðkoma að leiksvæði

Aðkoma að leiksvæði	√ X	Nauðsynlegar lagfæringar	Lokið
Eru allar hellur og göngustígar í lagi?			
Eru öll umferðarskilti til staðar og í lagi?			
Eru göngustígar nothæfir fyrir hjólastóla?			
Vaxa tré og runnar út í gangvegi?			
Eru girðingar í lagi og skapa ekki hættu?			

Leikvöllurinn

Aðkoma að leiksvæði	√ X	Nauðsynlegar lagfæringar	Lokið
Eru öryggismál bílastæðis í lagi?			
Valda tré, runnar eða annar gróður í umhverfinu hættu?			
Er leiksvæðið og umhverfi þess hreint og óskemmt?			
Er hunda- eða kattaskítur á svæðinu?			
Eru glerbrot eða beittir hlutir á eða í nálægð við leiksvæðið?			

Annar búnaður og umhverfi

Hlið	√ X	Nauðsynlegar lagfæringar	Lokið
Opnast hlið og lokast á eðlilegan hátt (sjálflokandi á 3-5 sek.?)			
Er lokunarbúnaðurinn í lagi og allt vel fest?			
Er bilið sitt hvoru megin við hliðið ekki minna en 12mm?			
Skaga boltar, rær eða þ.u.l út á hliðinu?			
Er hlið fyrir vinnutæki örugglega lokað?			

Girðingar og runnar	√ X	Nauðsynlegar lagfæringar	Lokið
Eru allar girðingar heilar, óskemmdar og skapa ekki hættu?			
Eru runnar vel klipptir og skaga ekki út í gangvegi?			
Skaga boltar eða rær út úr girðingum?			

Skilti og sæti	√ X	Nauðsynlegar lagfæringar	Lokið
Eru öll skilti sem eiga að vera til staðar, læsileg og vel fest?			
Eru öll sæti og bekkir heilir og í góðu ástandi?			
Er málning/fúavörn í góðu ástandi?			

Ruslatunnur	√ X	Nauðsynlegar lagfæringar	Lokið
Eru ruslabíður heilar og í góðu ástandi?			
Eru þær vel festar?			
Er búið að tæma ruslabíðurnar?			

Annað	√ X	Nauðsynlegar lagfæringar	Lokið
Eru grindverk/varnir á leiksvæðinu í góðu ástandi?			
Eru stígar og leiðir milli leiktækja í góðu ástandi?			
Eru niðurföll á svæðinu vel lokuð og skapa ekki hættu?			
Er yfirborð svæðisins almennt í góðu lagi og ekkert þar sem skapar óþarfa hættu á að börn detti?			
Er svæðið vel framræst?			
Eru hjólagrindur í góðu ástandi og fastar?			
Eru einhverjir óæskilegir hlutir á leiksvæðinu?			

Rólur

Rólur	√ X	Nauðsynlegar lagfæringar	Lokið
Er burðargrind heil og án fúa eða ryðs?			
Eru allir timbur- og járnhlutar í lagi og án fúa og ryðs?			
Eru allar festingar í jörðu vel fastar og án ryðs og fúa?			
Virka rólurnar eðlilega og án óeðlilegs hljóðs?			
Eru hlekkir í keðjum heilir og í góðu ásigkomulagi og slit, minna en 40%?			
Eru rólusætlin heil, þannig að ekki er hættu á að rekast í málmgrind sætisins?			
Eru sætin örugglega fest og heil, er miðstika í ungbarnsæti heil?			
Er sá hluti burðarvirkis á eins sætis rólu, sem rólan getur rekist í varinn t.d. með dekkjum?			

Yfirborð	√ X	Nauðsynlegar lagfæringar	Lokið
Er falldempandi undirlag s.s dúkar og öryggishellur heilt, vel fest og ekki bil á milli hella?.			
Er falldempandi mól jöfn, án rusls og a. m.k 300mm djúp?			
Er falldempandi undirlag í plani við yfirborðsefnið í kring, þannig að ekki er hættu á að hrasa um brúnir og kanta? Yfirborð malar skal þó vera lægra en aðlægar stéttar og malbik. Mól á stéttum er slysagildra.			
Eru grasflatir í góðu ástandi?			
Er eitthvað á yfirborði svæðisins sem skapar óþarfa hættu á að börn detti?			

Rennibrautir

Rennibrautir	√ X	Nauðsynlegar lagfæringar	Lokið
Er burðargrind heil og án fúa eða ryðs?			
Eru allir timbur- og járnhlutar í lagi og án fúa eða ryðs?			
Er burðargrindin vel fest í jörð og festingar í lagi?			
Eru tröppur í góðu ásigkomulagi og ekki hálar?			
Eru handföng örugg og í góðu ástandi?			
Er brautin vel fest, óskemmd og án aðskotahluta?			
Eru stigar í lagi á landslagsrennibrautum og brautin líka?			

Yfirborð	√ X	Nauðsynlegar lagfæringar	Lokið
Er falldempandi undirlag s.s dúkar og gúmmihellur heilt, vel fest og ekki bil á milli hella?			
Er falldempandi mól jöfn, án rusls og a. m.k 300mm djúp?			
Er falldempandi undirlag í plani við yfirborðsefnið í kring, þannig að ekki er hætt á að hrasa um brúnir og kanta? Yfirborð malar skal þó vera lægra en aðlægar stéttar og malbik. Mól á stéttum er slysgildra.			
Eru grasflatir í góðu ástandi?			
Er eitthvað á yfirborði svæðisins sem skapað gæti óþarfa hættu á að börn detti?			

Hringekjur

Hringekjur leiktæki	√ X	Nauðsynlegar lagfæringar	Lokið
Er tækið heilt og er snúningsflöturinn láréttur?			
Snýst tækið eðlilega og án aukahljóða?			
Virka allir hraðahemlar?			
Skaga óvarðir boltar eða rær út undir tækinu?			
Eru öll sæti og handrið tryggilega fest og í góðu ástandi?			
Eru öll fótstig á fótstignum tækjum örugg?			
Tæki þar sem snúningurinn er fyrir ofan höfuð. Snúast þau eðlilega og án aukahljóða?			

Yfirborð	√ X	Nauðsynlegar lagfæringar	Lokið
Er falldempandi undirlag s.s dúkar og öryggishellur heilt, vel fest og ekki bil á milli hella ?			
Er falldempandi mól jöfn, án rusls og a. m.k 300mm djúp?			
Er falldempandi undirlag í plani við yfirborðsefnið í kring, þannig að ekki er hætt á að hrasa um brúnir og kanta? Yfirborð malar skal þó vera lægra en aðlægar stéttar og malbik. Mól á stéttum er slysgildra.			
Eru grasflatir í góðu ástandi?			
Er eitthvað á yfirborði svæðisins sem skapað gæti óþarfa hættu á að börn detti?			

Gormataeki

Gorma leiktæki	√ x	Nauðsynlegar lagfæringar	Lokið
Eru undirstöður og gormar öruggir og án skemmda við jörðu?			
Eru festingar í jörðu öruggar og án óæskilegra hreyfinga?			
Hreyfist tækið óhindrað og án aukahljóða?			
Er allt timbur, járn eða krossviður í góðu ástandi?			
Þar sem keðjur og reipi eru, eru þau í góðu ástandi og örugg?			

Yfirborð	√ x	Nauðsynlegar lagfæringar	Lokið
Er falldempandi undirlag s.s dúkar og gúmmihellur heilt, vel fest og ekki bil á milli hella?			
Er falldempandi mól jöfn, án rusls og a. m.k 300mm djúp?			
Er falldempandi undirlag í plani við yfirborðsefnið í kring, þannig að ekki er hætta á að hrasa um brúnir og kanta ? Yfirborð malar skal þó vera lægra en aðlægar stéttar og malbik. Mól á stéttum er slysigildra.			
Eru grasflatir í góðu ástandi?			
Er eitthvað á yfirborði svæðisins sem skapað gæti óþarfa hættu á að börn detti?			

Hlaupaköttur

Hlaupakettir	√ x	Nauðsynlegar lagfæringar	Lokið
Eru allir hlutar burðarvirkis til staðar, öruggir og án skemmda?			
Er allt timbur, járn eða krossviður í góðu ástandi og án ryðs?			
Eru undirstöður tryggilega festar í jörðu og pallar í góðu ástandi?			
Er strengurinn í góðu ástandi og tryggilega festur í báða enda?			
Er sætið örugglega fest með keðjum og í góðu ástand?			
Færst trissan/sleðinn auðveldlega og án aukahljóða og eru hlífar í lagi?			
Ef handgrip er til staðar er það í lagi?			
Ef eltihlutur er til staðar, er hann án ryðs og öll tengi í plani?			

Yfirborð	√ x	Nauðsynlegar lagfæringar	Lokið
Er falldempandi undirlag s.s dúkar og gúmmihellur heilt, vel fest og ekki bil á milli hella?			
Er falldempandi mól jöfn, án rusls og a. m.k 300mm djúp?			
Er falldempandi undirlag í plani við yfirborðsefnið í kring, þannig að ekki er hætta á að hrasa um brúnir og kanta? Yfirborð malar skal þó vera lægra en aðlægar stéttar og malbik. Mól á stéttum er slysigildra.			
Eru grasflatir í góðu ástandi			
Er eitthvað á yfirborði svæðisins sem skapað gæti óþarfa hættu á að börn detti?			

Klifurgrindur

Klifurgrindur	√ X	Nauðsynlegar lagfæringar	Lokið
Er allt burðarvirki til staðar, öruggt og án skemmda?			
Er allt timbur, járn eða krossviður í góðu ástandi og án ryðs?			
Eru allar slár til staðar, tryggilega festar og allir rörendar lokaðir?			
Eru allar rár/grip og hringir sem hanga á í til staðar, tryggilega festir og snúast ekki?			
Eru öll reipi og keðjur í góðu ástandi og vel fest?			
Eru boltar og rær örugg og ekki hætta á að rekast í þau?			
Er hætta á að laus reipi geti myndað lykkju?. Reipi sem fest eru í báða enda á rampi mega ekki ná út fyrir hliðar hans?.			
Eru allir hlutar öruggir og í góðu ástandi?			

Yfirborð	√ X	Nauðsynlegar lagfæringar	Lokið
Er falldempandi undirlag s.s dúkar og öryggishellur heilt, vel fest og ekki bil á milli hella?			
Er falldempandi mól jöfn, án rusls og a. m.k 300mm djúp?			
Er falldempandi undirlag í plani við yfirborðsefnið í kring, þannig að ekki er hætta á að hrasa um brúnir og kanta? Yfirborð malar skal þó vera lægra en aðlægar stéttar og malbik. Mól á stéttum er slysgildra.			
Eru grasflatir í góðu ástandi?			
Er eitthvað á yfirborði svæðisins sem skapað gæti óþarfa hættu á að börn detti?			

Kastalar

Kastalar	√ X	Nauðsynlegar lagfæringar	Lokið
Er allt burðarvirki til staðar, öruggt og án skemmda?			
Er allt timbur og járn í góðu ástandi og án ryðs?			
Eru öll handrið og grindverk til staðar og tryggilega fest?			
Eru allir pallar öruggir og óskemmdir?			
Eru einhver merki um nýtt timbur eða göt í járn sem gefur til kynna að eitthvað hafi verið fjarlægt?			
Skaga óvarðir boltar og rær út og skapa hættu?			
Eru öll reipi og keðjur örugg, óskemmd og óslitin?			
Eru rennibrautir öruggar, óskemmdar og lausar við aðskotahluti?			
Eru allir hreyfanlegir hlutir öruggir og hreyfast án aukahljóða ?			

Yfirborð	√ X	Nauðsynlegar lagfæringar	Lokið
Er falldempandi undirlag s.s dúkar og öryggishellur heilt, vel fest og ekki bil á milli hella?			
Er falldempandi mól jöfn, án rusls og a. m.k 300mm djúp?			
Er falldempandi undirlag í plani við yfirborðsefnið í kring, þannig að ekki er hætta á að hrasa um brúnir og kanta? Yfirborð malar skal þó vera lægra en aðlægar stéttar og malbik. Mól á stéttum er slysgildra.			
Eru grasflatir í góðu ástandi?			
Er eitthvað á yfirborði svæðisins sem skapað gæti óþarfa hættu á að börn detti?			

Ævintýrabrautir

Ævintýrabrautir	√ X	Nauðsynlegar lagfæringar	Lokið
Er allt burðarvirki til staðar, öruggt og án skemmda?			
Er allt timbur og járn í góðu ásigkomulagi og án ryðs?			
Eru allir hlutir á sínum stað og örugglega festir?			
Eru keðjur og reipi örugg, í góðu ástandi og án óeðlilegs slits?			
Eru allar jafnvægisslár o.þ.u.l. öruggar og ekki sleipar viðkomu?			
Eru sveifluslár óskemmdar og snúast ekki?			
Skaga óvarðir boltar og rær út og skapa hættu?			

Yfirborð	√ X	Nauðsynlegar lagfæringar	Lokið
Er falldempandi undirlag s.s dúkar og öryggishellur heilt, vel fest og ekki bil á milli hella?			
Er falldempandi mól jöfn, án rusls og a. m.k 300mm djúp			
Er falldempandi undirlag í plani við yfirborðsefnið í kring, þannig að ekki er hætta á að hrasa um brúnir og kanta ? Yfirborð malar skal þó vera lægra en aðlægar stéttar og malbik. Mól á stéttum er slysgildra.			
Eru grasflatir í góðu ástandi?			
Er eitthvað á yfirborði svæðisins sem skapað gæti óþarfa hættu á að börn detti?			

Jafnvægisslár, stiklur og kofar

Jafnvægis stoðir, drumbar stiklur & kofar	√ X	Nauðsynlegar lagfæringar	Lokið
Er allt burðarvirki til staðar, öruggt og án skemmda?			
Er allt timbur og járn í góðu ástandi og án ryðs?			
Er hálkuvörn á efraborði sláa og varmir gegn því að renna út af þakbrúnum til staðar?			
Skaga óvarðir boltar og rær út og skapa hættu?			
Eru allar hurðir og gluggar á kofum öruggir og í góðu ástandi ?			
Er hætta á að fingur geti fests eða klemmst í eða við glugga og dyr?			
Eru kofarnir hreinir að innan og án veggjakrots?			

Yfirborð	√ X	Nauðsynlegar lagfæringar	Lokið
Er falldempandi undirlag s.s dúkar og öryggishellur heilt, vel fest og ekki bil á milli hella?			
Er falldempandi mól jöfn, án rusls og a. m.k 300mm djúp?			
Er falldempandi undirlag í plani við yfirborðsefnið í kring, þannig að ekki er hætta á að hrasa um brúnir og kanta? Yfirborð malar skal þó vera lægra en aðlægar stéttar og malbik. Mól á stéttum er slysgildra.			
Eru grasflatir í góðu ástandi?			
Er eitthvað á yfirborði svæðisins sem skapað gæti óþarfa hættu á að börn detti?			

Brýr

Brýr	√ x	Nauðsynlegar lagfæringar	Lokið
Eru allt burðarvirki til staðar, öruggt og án skemmda?			
Er allt timbur, járn og krossviður í góðu ástandi í og án ryðs?			
Er bil við brúarendana sem börn gætu dottið gegn um?			
Eru allir rimlar brúarinnar til staðar og öruggir?			
Er allar festingar öruggar og í góðu ástandi?			
Eru keðjur og reipi örugg og án óeðlilegs slits?			

Yfirborð	√ x	Nauðsynlegar lagfæringar	Lokið
Er falldempandi undirlag s.s dúkar og öryggishellur heilt, vel fest og ekki bil á milli hella			
Er falldempandi mól jöfn, án rusls og a. m.k 300mm djúp?			
Er falldempandi undirlag í plani við yfirborðsefnið í kring, þannig að ekki er hætt á að hrasa um brúnir og kanta? Yfirborð malar skal þó vera lægra en aðlægar stéttar og malbik. Mól á stéttum er slysagildra.			
Eru grasflatir í góðu ástandi?			
Er eitthvað á yfirborði svæðisins sem skapað gæti óþarfa hættu á að börn detti?			

Sand- og vatnsleiksvæði

Sandur og vatnsleiksvæði	√ x	Nauðsynlegar lagfæringar	Lokið
Er sandkassinn í góðu ásigkomulagi?	x		
Er sandurinn laus við rusl og hunda- og kattaskít?			
Eru leikhlutir fyrir sandkassann í góðu ástandi?			
Virka niður- og yfirföll á vatnsleiksvæðinu rétt?			
Er vatnið hreint og ómengað?			
Er grasið í kring í góðu ástandi?			

Leiksvæði fyrir ýmsa leiki

Leiksvæði fyrir ýmsa leiki	√ x	Nauðsynlegar lagfæringar	Lokið
Eru mörk/net í góðu ástandi, óskemmd og vel fest?			
Eru allar girðingar og hlið í góðu ástandi og óskemmd?			
Skaga óvarðir boltar og rær út og skapa hættu?			
Er yfirborðið í góðu ástandi i og án rusls?			
Er yfirborðið jafnt og skapar ekki fallhættu?			
Er grasið í kringum leiksvæðið í góðu ástandi?			

Hólabrettasvæði

Hjólabrettasvæði	√ x	Nauðsynlegar lagfæringar	Lokið
Er allt burðarvirki palla til staðar, öruggt og án skemmda?			
Er yfirborð pallanna óskemmt, hreint og laust við sand, mól o.þ.u.l?.			
Eru rampar í góðu ásigkomulagi, með vatnshalla og mynda ekki bil frá undirlagi?			
Eru öryggisgrindur og handrið til staðar?			
Eru einhver bil milli jarðar og palla meira en 5mm?			
Eru öryggisskilti til staðar, læsileg og í góðu ástandi?			
Eru öll samskeyti milli flata vel lokuð?			
Er yfirborð svæðisins í kring og girðingar í góðu lagi?			

BMX braut (torfæruhjólabraut)

BMXbraut (torfæruhjólabraut)	√ X	Nauðsynlegar lagfæringar	Lokið
Eru allir rampar í góðu ástandi og án óeðlilegs slits?			
Er hjólabrautir óskemmdar, lausar við rusl og harða hluti ?			
Eru eitthvað í innan við 2,5 m hæð yfir hjólabrautum?			
Eru einhverjir óleyfilegir aukahlutir á brautinni (óskráðir)?			
Eru einhverjir aðskotahlutir á eða við brautina?			
Er aðliggjandi yfirborð skemmt?			
Eru öryggisskilti til staðar, læsileg og í góðu ástandi?			